

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 4. nóvember 2022

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skrifstofa landgæða

**Efni: Umsögn til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa, mál nr. 180/2022.**

Bændasamtök Íslands telja að Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa sé gott stöðuyfirlit auk þess sem þar komi fram ágætt yfirlit yfir þær áskoranir sem framundan eru. Víða í skýrslunni er fjallað um landbúnað og landbúnaðartengd málefni og vilja samtökin taka undir mikilvægi greinarinnar í þeirri vinnu sem framundan er við að bæði viðhalda og auka fjölbreytni íslenskra vistkerfa.

Innan Bændasamtakanna og dótturfélags þess Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) er að finna yfirgripsmikla þekkingu á öllum þáttum landbúnaðar og landnýtingu. En á vettvangi þessara félaga hefur um árábil verið unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast þeim markmiðum, drögum að áherslum og framtíðarsýn sem fram koma í grænbókinni. Bændasamtökin óska því eftir aðkomu að þeirri vinnu sem unnin verður á grundvelli skýrslu þessarar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur